## Hvar kýs ég?

Við kjósum öll á mismunandi stöðum
sem kallast **kjörstaðir**.
Kjörstaðir eru oftast nálægt heimili okkar.

Þú sérð þinn kjörstað og þína kjördeild á netinu:
www.skra.is/hvaraegadkjosa

## Hér er minnis-blað

**Kjörstaðurinn minn heitir:**

**Kjördeildin mín er númer:**

Þú mátt taka þetta með þér að kjósa, ef þú vilt.

Auðlesið mál

# Kosningar 14. maí 2022



Við höfum öll rétt til að kjósa.

Það er mikilvægt að við nýtum kosninga-rétt okkar.

## Hvað þarf ég að taka með mér?

**Þú þarft skilríki sem sanna hver þú ert.**

Til dæmis vegabréf eða ökuskírteini.



Skilríkin þurfa að hafa mynd af þér og sýna nafn og kennitölu.

## Hvað eru sveitar-stjórnar-kosningar?

Sveitar-stjórn er það sama og borgar-stjórn eða bæjar-stjórn.

Í þessum kosningum erum við að kjósa fólk til þess að stjórna borgum, bæjum og sveitum sem við búum í.

## Aðstoð fyrir fatlað fólk á kjörstað

**Fatlað fólk getur fengið aðstoð við að kjósa, ef það vill.**

Við megum taka með okkur aðstoðarfólk sem við veljum sjálf.

Á kjörstað er líka starfsfólk til að aðstoða.

**Við megum öll biðja um þá aðstoð sem við þurfum.**

Til dæmis aðstoð við að:

- finna hvar við kjósum
- komast í kjörklefann
- merkja við það sem við viljum kjósa
- setja kjörseðilinn í kjörkassann

# Svona kjósum við

**1** Við sýnum skilríki.
Þannig sönnum við
hver við erum.



**2** Við merkjum á
kjörseðilinn það sem
við viljum kjósa.



**3** Við brjótum kjörseðilinn
saman svo enginn
sjái hvað við kjósum.



**4** Við setjum kjörseðilinn
í kjörkassann.



## Nú höfum við kosið!

Þetta lesefni er búið til af **Miðstöð um auðlesið mál** og **Landssamtökunum Þroskahjálp.**
Þú getur séð meira auðlesið efni á vefsíðunni audlesid.is